

Nd.

415. Nefndarálit

[144. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd varð ekki sammála um afgreiðslu málsins.

Meiri hl. n., stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, vill samþykkja frv. óbreytt, en ég legg til að gerðar verði á því verulegar breytingar.

Við afgreiðslu fjárlaga í desembermánuði s.l. tóku stuðningsflokkar ríkissjórnarinnar þá ákvörðun að breyta í grundvallaratriðum gildandi lögum um stuðning við þá, sem verða að nota olíu til upphitunar íbúða sinna.

Ákvörðun stjórnarflokkanna var á þá lund, að ríkissjóður tæki til sín sem nýjan tekjustofn eitt söluskattsstig, sem lagt var á vegna olíusjóðs og í þeim tilgangi að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúðarhúsa. Á þann hátt gerðu stjórnarflokkarnir ráð fyrir, að ríkissjóður fengi tekjur á þessu ári sem næmu 1700 milljónum króna, en greiddi hins vegar um 700 milljónir til olíusjóðs á þessu ári til aðstoðar við þá, sem nota olíu til íbúðarhitunar.

Þegar núverandi stjórnarflokkar tóku við framkvæmd olíustyrksmálanna, var strax byrjað að svikja framkvæmd þeirra á þann hátt, að þeir aðilar, sem áttu að njóta fyrirgreiðslu samkvæmt lögnum, fengu ekki í sinn hlut allt það gjald, sem á var lagt þeirra vegna.

Lögin um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða tóku upphaflega gildi 1. mars 1974. Fyrsta árið má telja að allt það gjald, sem á var lagt samkv. lögnum, hafi runnið til þeirra, sem lögin gerðu ráð fyrir. Annað árið, en þá hafði Ólafur Jóhannesson, form. Framsóknarflokksins, tekið við framkvæmd laganna, runnu um 400 milljónir króna til Orkusjóðs og skertist þá um leið hlutur þeirra, sem nota olíu til húsahitunar. Þriðja árið runnu um 600 milljónir til Orkusjóðs. Og nú er áætlað að 1000 milljónir króna af gjaldinu renni í ríkissjóð, sem síðan ráðstafar því m. a. í Orkusjóð.

Afleiðingarnar af stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum olíustyrksmálum eru þær, að stuðningurinn við þá, sem verða að hita íbúðir sínar með notkun olíu, er jú sem næst engin orðin.

Olíugjaldið, sem á er lagt, eitt söluskattsstig, mun nema í ár um 1700 milljónum króna. Áætlað er að þeir, sem noti olíu til húsahitunar, greiði af þessu gjaldi 550—600 milljónir króna, en fáí hins vegar í olíustyrk tæpar 700 milljónir króna. Það er jú ljóst, að hagur þeirra af þessari gjaldtöku er harla lítill. Ríkissjóður nýtur hins vegar gjaldsins og mun fá í sinn hlut um 1000 milljónir króna á þessu ári.

Hér er auðvitað um herfileg svik að ræða við þá, sem erfiðasta hafa aðstöðu til hitunar húsa sinna og í reynd greiða þrefaldan til fjórfaldan kostnað á við þá, sem njóta hitaveitukjara, t. d. á höfuðborgarsvæðinu.

Það er Framsóknarflokkurinn, sem öðrum fremur ber ábyrgð á þessari fjandskaparstefnu í garð þeirra, sem neyddir eru til að hita híbýli sín með olíu.

Ég er andvígur þeirri stefnu, sem felst í frumvarpinu, og legg því fram breyttingartillögur við það á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 22. mars 1977.

Lúðvík Jósepsson.